

FJARÐAR fréttir

Finndu okkur á 

Miðvikudagur 23. október 2019 | 37. töl. 17. árg.

Upplag 10.500 eintök. Dreift vikulega frítt inn á öll heimili og fyrirtæki í Hafnarfirði

www.fjardarfrettir.is öflugur fréttavefur

Burger*inn



Sími: 555 7030
www.burgerinn.is

Hádegistilboð!

3 réttir
1.850 kr.
Hrísgrjón fylgja með

Coke
fylgir með!



*20% afsláttur
af kvöldmatseðli*

Liyuan Chinese Restaurant

Opið kl. 11-14 og 16-21 virka daga og kl. 16-21 um helgar.

Reykjavíkurvegi 68 | 551 8168

Kvöld- ganga í skógi

Krabbameinsfélag höfuðborgarsvæðisins og Skógræktarfélag Hafnarfjarðar bjóða til skógargöngu á þriðjudaginn kl. 19.30. Safnast verður saman við Gróðrarstöðina þöll við Kaldárselsveg og þaðan verður gengið um skógarsvæði Skógræktarfélagins. Steinar Björgvinsson skógfræðingur veður með leiðsögn um skógin.

Gert er ráð fyrir að skógar-gangan taki um eina klukkustund og að henni lokinni verður boðið upp á heitt súkkulaði og meðlæti í húsakynnum Þallar. Bæjarbúar eru hvattir til að taka þátt í kvöldgöngunni um skógin og föngefólk er beðið um að vera vel útbúið og taka með sér ljós-færi þar sem skuggsýnt er orðið.



Frítt verði í sund fyrir 18 ára og yngri

Rekstur frístundabílsins fór 10 mill. kr. fram úr áætlun

Fræðsluráð leggur til að börn að átján ára aldri fái frítt í sund frá og með næsta fjárhagsári og einnig er lagt til að lengja opnun félagsmiðstöðva fram í miðjan júní eða þar til grunnskólarnir fara í sumarfrí.

Ekki er lagt til að gjaldskrár á mennta- og lýðheilsusviði hækki að undanskilinni hækku- un á stökum sundferðum um 100 kr. fyrir fullorðna og kost- ar þá sundferðin 700 kr.

Í samánburði við nágranna- sveitarfélögin á höfuðborgar- svæðinu er Hafnarfjörður enn með lægsta gjaldið á stakri

sundferð, ásamt Garðabæ. Einnig leggur meirihluti fræðsluráðs til að fæðisgjald í leik- og grunnskólum hækki um 2,5% til að mæta gæða-

kröfum og verðlagshækkun- um. Engar breytingar eru lagðar til á akstri frístunda- bílsins sem fór 10 millj. kr. fram úr áætlun.



Lagt er til að verð á stökum sundmiða hækki um 100 kr.



**BADMINTONFÉLAG
HAFNARFJARÐAR**

STOFNAÐ 1959

60 ára afmælishátíð BH

Opið hús í Íþróttahúsinu við Strandgötu laugardaginn
26. október klukkan 13:00-15:00.

Boðið verður uppá badminton- og borðtenniskynningu,
skemmtilegar þrautir, andlitsmálun, afmælistöku og kaffi.

Allir velkomnir!



TAXI

Hafnfirska
leigubílastöðin

520 1212

Jón Arlúss
KÖKULIST



**Treystu
mér fyrir
veislunni!**

www.kokulist.is

Firði • sími 555 6655

FJARÐAR fréttir

Útgefandi: Hönnunarhúsið ehf. kt. 450106-1350

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Guðni Gíslason

Ritstjórn og auglýsingar: 565 4513, 896 4613

fjardarfrettir@fjardarfrettir.is

Prentun: Ísafoldarprentsmiðja • Dreifing: Íslandspóstur

ISSN 2298-8858 Vefútgáfa: ISSN 2298-8866

www.fjardarfrettir.is

www.facebook.com/fjardarfrettir.is

Hönnunarhúsið ehf., Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði

leiðarinn



Ég taldi víst að kynningarfundur um drög að rammaskipulagi fyrir Flensborgarhöfn og Óseyrarsvæði yrði jákvæður og uppbyggilegur fundur. Fannst mér nokkuð vel unnið að tillögum, þó mér þyki það undarleg nýbreytni að halda sér lokaða fundi með lóðarhöfum. Og auðvitað hefði auglýsing á fundinum mátt vera betri. En undir venjulegum kringumstæðum hefðu fengist uppbyggilegar umræður um þau markmið sem reynt var að fá fram með tillögnum.

En fundargestir voru margir hverjir greinilega brenndir af samskiptum við Hafnarfjarðarbæ í skipulagsmálum og traustið var lítið. Því snérist umræðan um hátt hús sem búið er að byggja að hluta, um það hvort sérakreinar fyrir strætó kæmst fyrir og um hækkun sjávar. Þetta gerði það að verkum að þeir sem kynntu tillögum urðu oftar í vörn þó upplýst væri að allar athugasemdir væru skráðar.

Markmiðasetningin fyrir svæðið er áhugaverð og vonandi tekst að koma þessu í þann farveg að við getum fengið að upplifa þær væntingar sem endurspegluðust í hugmyndunum á næsta ártatug eða tveimur.

En ég er þó ekki alveg sannfærður um að þessi markmið náist með þessum hætti. Hvar er þetta líf sem mikið er talað um að komi með þéttari íbúðabygging? Fer ekki meirihlutinn beint í bíla sína í bílajöllumunum og eku burt? Það þarf margt að vera í boði t.d. á „Hafnartorginu“ til að það dragi íbúana að. Mun fólk kaupa þar í matinn? Verða sérsverslanir og áhugaverð afþreying á svæðinu. Okkur hefur ekki enn tekist að laða fólk að miðbænum okkar sem við teljum þó vera alvöru miðbæ.

Ef vilji er til þess að ná settu marki er mikilvægt að deiliskipulagsvaldið haldist á einni hendi Hafnarfjarðarbæjar í góðu samstarfi við bæjarbúa og þá sem vilja byggja upp svæðið. Bútasamur í deiliskipulagi mun ekki leiða okkur að settu marki.

Guðni Gíslason ritstjóri.

HAFNARFJARÐARKIRKJA





Sunnudagur 27. október

Messa og sunnudagaskóli kl. 11

Miðvikudaga

Morgunmessa kl. 8.15

Fimmtudagur 24. október

Hautfundur Kvenfélagsins kl. 18.30

Ath. breyttan tíma.

Sjá nánar á www.hafnarfjardarkirkja.is
www.facebook.com/hafnarfjardarkirkja

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
 Flatahraun 5a

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA






Símar allan sólarhringinn: 565 5892 & 896 8242

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er

www.utfararstofa.is





Sunnudagurinn 27. október:

Sunnudagaskóli kl. 11

Nánar á www.frikirkja.is og á Facebook



Víðistaðarkirkja

Sunnudagur 27. október

Guðspjónusta kl. 11

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Helgu Þórdísar organista.

Prestur: Sr. Bragi J. Ingibergsson.

Kyrrðarstund

á miðvikudögum kl. 12:10.

Súpa og brauð í safnaðarsal á eftir.

www.vidistadarkirkja.is

Maxímustónleikar

Sinfóníuhljómsveit Tónlistarskóla Hafnarfjarðar ásamt Strengjasveit Tónlistarskóla Garðabæjar halda þrenna tónleika með tónlistarævintýrinu um tónlistarmúsina Maxímús Músíkús í Hásölum Tónlistarskóla Hafnarfjarðar og í Hörpu um næstu helgi. Flutt verður sagan „Maxímús Músíkús trítar í tónlistarskólann“ með sögumanni, myndum og tónlistaratriðum með um 50 hljóðfæraleikurum en á efnisskránni verða hljómsveitarverkin „Í höll Dofrakonungs“ eftir Grieg, þáttur úr Leikfangasinfóníunni og að sjálfsgöðu „Lagið hans Maxa“ en sjálfur Maxímús Músíkús mun koma í heimsókn og dansa við lagið sitt.

400 grunnskólabörnum í Hafnarfirði er boðið á tvenna tónleika í Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Tónleikarnir í Hörpu verða Kaldalónssal á sunnudaginn kl 11.30 og er ókeypis aðgangur.



- Nudd
- „Detox“ hreinsun
- „Anti age“ húðmeðferð
- Fituminnkun



Framleidd fyrir fyrirtæki, hönnuð fyrir þig

Lenovo™



Kláraðu vinnuna með stæl með fartölvu sem sker sig úr
hópnum. Lenovo ThinkBook 13s er ótrúlega skemmtileg
og endingagóð fartölva fyrir smærri fyrirtæki og þig.

verslun.origo.is og söluaðilar um land allt



Lenovo ThinkBook 13s

Verð frá: 159.900 kr.

.origo.

Borgartúni 37, 105 Reykjavík • Hvannavellir 14, Akureyri • 516 1000

Nýtt leiðakerfi Strætó í undirbúningi

Áætlað er að Borgarlínan muni leysa hluta stofnleiðanets Strætó af hólmi eftir því sem hún byggist upp

Faghópur um leiðakerfismál var skipaður af stjórn Strætó í febrúar 2019 og er áætlað að faghópurinn skili hugmyndum að nýju leiðaneti til stjórnar Strætó í nóvember á þessu ári.

Í faghópnum eiga sæti: Fulltrúar úr leiðakerfi Strætó, fulltrúar sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, fulltrúi Vegagerðarinnar, fulltrúi Samtaka um bíllausan lífsstíl og fulltrúi samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins.

Markmið verkefnisins er að laga Strætó að breyttu skipulagi og innleiða nýjar áherslur þar sem örari tíðni og styttri ferðatími verður í forgrunni.

LEITAÐ TIL ALMENNINGS

Nú er leitað til almennings um álit á ábendingar en á næsta ári verður nýtt leiðakerfi prófað í umferðarlíkani og eftir það verður leitað til almennings á ný.

Strætó leggur mikla áherslu á þátttöku almennings í mótun nýs leiðanets. Eru íbúar höfuðborgarsvæðisins hvattir til að skoða fyrstu hugmyndir að nýju leiðaneti og koma fram með hugmyndir og ábendingar um legu leiða og staðsetningu stoppistöðva.

Hefur verið sett upp sérstök síða á straeto.is/nytt-leidanet þar sem nálgast má nánari upplýsingar og leiðbeiningar.

STOFNLEIÐIR OG ALMENNAR LEIÐIR

Lagt er til að skipta leiðanetinu í tvo flokka: stofnleiðir og almennar leiðir og taka fyrstu hugmyndir mið af því.

Stofnleiðanetið er skipulagt sem burðarásinn í nýju leiðaneti og tilgangur

- A Ráðhús - Kóp. Vatnsendi
- B Sí - Grafarvogur
- C Seltjarnarnes - Breiðholt
- D Sí - Hlj. Vellir
- E Sí - Mosfellsbær
- F Grandi - Norðlingaholt
- G Rvk.flugvöllur - Hlj. Holt



Hugmyndir að stofnleiðakerfi Strætó.

þess verður að flytja mikinn fjölda farþega á sem stystum tíma. Áætlað er að vagnar á stofnleiðum aki á 7-10 mínútna fresti á annatímum og 15-20 mínútna fresti utan annatíma.

Áætlað er að Borgarlínan muni leysa hluta stofnleiðanets Strætó af hólmi eftir því sem sérrými Borgarlínu byggist upp.

Við hönnun almenna leiðanetsins er hugsunin sú að tengja hverfi höfuð-

borgarsvæðisins við stofnleiðanet Strætó og Borgarlínu. Áætlað er að almennar leiðir aki á 15 mínútna tíðni á annatíma og á 20-30 mínútna tíðni utan annatíma.

ÍBÚAÞÉTTLEIKI RÆÐUR LEGU LEIÐA

Nýja leiðanetið er m.a. skipulagt út frá íbúaðéttleika.

Samkvæmt fyrstu hugmyndum um nýtt leiðanet munu meira en tvöfalt fleiri íbúar höfuðborgarsvæðisins búa í innan við 400 m rásir frá stoppstöð með a.m.k. 10 mínútna tíðni, eða 64% íbúa í stað 26% í núverandi leiðaneti.

Ef skipulagsáætlanir sveitarfélaga ganga eftir þá mun stór hluti uppbyggingar á næstu árum eiga sér stað í nágrenni við þær stofnleiðir sem teiknaðar hafa verið upp í nýju leiðaneti. Það má því gera ráð fyrir að þetta hlutfall muni verða enn hærra í framtíðinni.

ÞEKJANDI KERFI

Núverandi leiðanet Strætó er að miklu leyti skipulagt sem „þekjandi kerfi“. Algengt er að vagnar leggi lykkju á leið sína til þess að ná viðkomu í sem flestum hverfum höfuðborgarsvæðisins. Með slíku fyrirkomulagi dreifist þjónustan yfir stærra landsvæði, ferðatími eykst, tíðni minnkar og farþegar eru ekki eins margir. Í slíku kerfi er þó yfirleitt stutt í næstu biðstöð.

ÞÁTTTÖKUKERFI

Í hugmyndum um nýtt leiðanet og Borgarlínu verður þyngri áhersla lögð á „þátttökukerfi“. Í slíku neti er mest tíðni þar sem þéttleiki íbúa og vinnustaða er

mestur. Leiðirnar eru beinni, með örrari tíðni, styttri ferðatíma og fleiri farþega. Á móti, gætu farþegar þurft að fara lengri vegalengdir á næstu biðstöð.

KOMIÐ Á Í ÁFÖNGUM


Nýtt leiðanet verður innleitt í skrefum eftir því sem hægt er en stærstu breytingarnar eru áætlaðar um 2023 þegar áætlað er að fyrsta áfanga Borgarlínu verði lokið.

Stærstu breytingarnar munu felast í nýju skipulagi við Hlemm þar sem einungis verður gegnumakstur almenningsgangna, nýrri endastöð á BSÍ reit, brú yfir Fossvog og nýrri skiptistöð í Vogabyggð. Borgarlínan mun taka við hluta stofnleiða í áföngum eftir því sem sérrými Borgarlínu byggist upp.

OPIÐ HÚS 28. OKTÓBER

Strætó mun halda opin hús á nokkrum stöðum á höfuðborgarsvæðinu. Þar geta áhugasamir kynnt sér leiðanetið og komið sínum ábendingum á framfæri við starfsfólk Strætó og verkefnastofu Borgarlínu.

Opið hús verður í Firði mánudaginn 28. október.



Hugmyndir að stofnleiðum og almennum leiðum strætisvagna.

AUGLÝSINGAR

Náðu til Hafnfirðinga

sími 565 3066 - 896 4613
gudni@fjardarfrettir.is

15 sundmenn náðu lágmörkum fyrir Norðurlandamót

290 sundmenn frá 16 félögum kepptu í Ásvallalaug

Extramóti SH lauk á sunnudag í Ásvallalaug. 290 sundmenn frá 16 félögum komu saman í þessari síðustu keppni fyrir Íslandsmeistaramótið sem er eftir þrjár vikur, líka í Ásvallalaug.

15 sundmenn náðu lágmörkum fyrir Norðurlandameistaramótið sem verður haldið í Faeyjum í byrjun desember.

Bestum árangri náðu Kristín Helga Hákonardóttir úr Sunddeild Breiðabliks með 200 m skriðsundi á 2:03.31 mín. sem gaf 718 stig og Kristinn Þórarinnsson úr Sunddeild Fjölnis með 100 m baksundi á 54,02 sek. sem gaf 740 stig.

SH-ingar sem náðu NM lágmörkum voru: Katarína Róbertsdóttir, Dadó Fenrir Jasínusson, Jóhanna Elín Guðmundsdóttir, Steingerður Hauksdóttir, Kolbeinn Hrafnkelsson, Aron Þór Jónsson og Daði Björnsson.

5 mótismet voru sett:

Kristinn Þórarinnsson, Fjölni í 200 m fjórsundi, 100m baksundi.

Kolbeinn Hrafnkelsson, SH, í 50 m baksundi

Kristín Helga Hákonardóttir, Breiðabliki, í 200 m skriðsundi

Jóhanna Elín Guðmundsdóttir, SH, í 100 m skriðsundi



NÝTT LEIÐANET

Strætó mun halda opið hús um Nýtt leiðanet í Firði, mánudaginn 28. október kl. 15.00-18.00.

Við hvetjum alla áhugasama um samgöngumál að kíkja við og spjalla við starfsfólk Strætó um framtíð almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.



Þessir 15 sundmenn náðu lágmörkum fyrir Norðurlandamótið í sundi.



**VERIÐ VELKOMIN Í NÝJA
BIFREIÐASKOÐUNARSTÖÐ**
Fólksbílar - Jeppar - Pallbílar
Kerrur - Ferðavagnar - Mótorhjóla

Stapahrauni 1 | 220 Hafnarfirði
Sími 585 3355 | betriskodun.is



Mamma Klikk!

Vinsælasta Sýning landsins

Allar sýningar fram að áramótum uppseldar

Opið fyrir skráningu á biðlista
midasala@gaflaraleikhusid.is

gaflara LEIKHUSID

83 hlupu 3.034 km með Hlaupahópi FH í fjallahlaupi

Hlupu við erfiðar aðstæður í mikilli rigningu og drullusvaði á köflum

Rúmlega 100 manna hópur frá Hlaupahópi FH hélt í síðustu viku til Omegna við Lago d'Orta vatnið í NV-Ítalíu.

83 hlauparar tók þar þátt í miklu fjallahlaupi sem þeir hafa undirbúið sig fyrir síðustu mánuðina.

ERFIÐAR AÐSTÆÐUR

Gríðarlega mikil rigning er búin að vera á svæðinu og hafði það veruleg áhrif á hlaupið. Leiðin var á köflum eitt drullusvaði og það voru skitugir hlauparar sem komu í mark. Gríðarleg ánægja var meðal hafnfirskra hópsins með hlaupið. Allir sem lögðu af stað komust í mark og allir komu því sem næst óslasaðir út úr byltunum. Leiðin hjá öllum var mjög fögur og hrikaleg þó útsýnið hafi ekki verið mikið. Hlaupið er um mikið brattlendi og slóðin oft erfið yfirferðar og á stundum varasamar aðstæður. Þeir sem hlupu 100 km og flestir sem hlupu 60 km hlupu um tíma í myrkri og rigningu en höfuðljós og vel merkt hlaupaleið varð til þess að enginn villtist verulega.

100 KM HLAUP

Lengsta hlaupið sem Íslendingarnir tóku þátt í var 100 km hlaup þar sem heildarhækkun á hlaupaleiðinni er samtals 6.210 metrar og jafnmargir metrar niður en hæsti tindur sem farið er á er 1.640 m. Hlaupið varð reyndar aðeins styttra þar sem leiðinni var breytt á síðustu stundu vegna vatnavaxta.

Fjórar konur og tveir karlar úr Hlaupahópi FH tóku þátt í þessu mikla

hlaupi en aðeins einn þeirra hafði hlaupið svona langt áður. Yngsti hlauparinn er 28 ára en sá elsti er 54. Alls héldu 326 af stað en 273 luku hlaupinu.

Svona hlaup er gríðarleg þrekaun, bæði líkamlega og ekki síður andlega en fyrstur í mark af hlaupahópnum var Viggó Ingason sem lauk hlaupinu á 17:42,01 klst. og varð 59. í hlaupinu. Síðasti keppandinn kom í mark á rúmum 32 klst.

60 KM HLAUP

12 Íslendingar tóku þátt í 60 km hlaupinu, sjö karlar og fimm konur, yngsti hlauparinn var 26 ára og sá elsti 62. Alls hlupu 537 af stað en 439 luku hlaupinu.

Heildarhækkun í þessu hlaupi er samtals 3.330 m en hæst er farið 1.640

m hæð eins og hjá 100 m hlaupurunum. Enginn þessara hlaupara hafði áður hlaupið alveg svona langt en allir höfðu hlaupið Laugavegin sem er 53 km en mun minni heildarhækkun.

Fyrstur Íslendinga í mark var Hlynur Guðmundsson á 7:02,05 klst. og varð hann 6. í hlaupinu sem vannst á 5:56,27 klst. Síðastur í mark kom eftir 18:12 klst.

34 KM HLAUP

Íslendingarnir sem hlupu 34 km hlaup voru samtals 36 en alls héldu 573 af stað í hlaupið og 502 luku því.

Heildarhækkun í þessu hlaupi var 2.200 m en hæsti tindurinn sem farið var á er 1.640 m.

ÍÞRÓTTIR

HANDBOLTI:

26. okt. kl. 16, Ásvellir
Haukar - Afturelding, úrv.deild kvenna

26. okt. kl. 18, Dalhús
Fjölnir - FH, 1. deild kvenna

ÚRSLIT KONUR:

ÍBV - Haukar: 18-21
FH - ÍR: 25-22

ÚRSLIT KARLAR:

Haukar U - KA U: 33-29
FH U - Stjarnan U: 27-29
FH - Fjölnir: 28-27

KÖRFUBOLTI:

23. okt. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Breiðablik, úrv.deild kvenna

24. okt. kl. 19.15, Ásvellir
Haukar - Fjölnir, úrv.deild karla

ÚRSLIT KONUR:

Grindavík - Haukar: 56-100

ÚRSLIT KARLAR:

Haukar - Grindavík: 97-93

Fyrstur Íslendinga í mark var Grétar Snorrason á 4:19,25 klst. sem varð í 28. sæti. Sigurvegarinn kom í mark á 3:14,38 klst.

17 KM HLAUP

29 Íslendingar tóku þátt í 17 km hlaupi og einn tók þátt í 17 km norrænni göngu sömu leið.

Heildarhækkun í 17 km hlaupinu var 680 m en hæst var farið í 680 m hæð yfir sjó en öll hlaupin hófust í um 300 m hæð yfir sjó.

Fyrstur Íslendinga í mark var Fannar Óli Friðleifsson sem kom í mark á 1:35,49 klst. og varð í 16. sæti. Sigurvegarinn kom í mark á 1:12,05 klst.

NÁNAR Á FJARDARFRETIR.IS

Nánari úrslit og fleiri myndir verða birtar á fjardarfrettir.is



Hlaupahópur FH ásamt tveimur fulltrúum Ultra Trail del Lago d'Orta hlaupsins sem tóku á móti hópnum með virktum.



GÓÐGERÐARPIZZAN

GOTT MÁL

2019

Pepperoni, rauðlaukssulta, sterkt pepperoni, fetagestur, græn paprika og sveppir

ÖLL SALAN RENNUR ÓSKIPT Í MINNINGARSJÓÐ LOFTS GUNNARSSONAR

Fjárhæðin verður notuð til að styðja „Aftur út í lífið“ sem er verkefni á vegum sjóðsins. Áhersla Domino's er að styrkja opnun dagrýmis fyrir heimilislausa, öruggt athvarf yfir daginn þar sem boðið verður upp á afþreyingu og stuðning.

AÐEINS Á MATSEÐLI 21.–25. OKTÓBER

„Góðgerðarpizzan í ár ætti að gleðja þá sem kunna að meta gott pepperoni. Á pizzuna setti ég græna papriku, sveppi, fetaost — og svo tvenns konar pepperoni, þetta sívinsæla og svo sterkt pepperoni sem gefur kryddaðan og bragðmikinn keim. Leynivopnið er svo rauðlaukssultan sem ég gerði sérstaklega fyrir Góðgerðarpizzuna. Njótið vel!“

Hrefna Sætran

Lítill: 2.040 kr. Mið: 3.340 kr. Stór: 3.880 kr. Pönnu: 3.880 kr.



Styrktu krabbameinssjúkan hlaupara

Hlaupahópur FH hefur árlega staðið fyrir bleiku hlaupi og safnað til styrktar krabbameinssjúkum

Á hverju ári koma saman hlauparar úr flestum hlaupahópum höfuðborgarsvæðisins og jafnvel víðar að og hlaupa íklæddir bleikum fötum. Það er Hlaupahópur FH sem stendur fyrir hlaupinu og félagar hópsins bjóða upp á glæsilegt kökuhlaðborð að hlaupi loknu. Kallað er eftir frjálsum fram- lögum til styrktar góðu málefni

safnað og gefið samtals tæpar 1,8 millj. kr.

Í ár var safnað fyrir einn hlaupafélagann, sem barist hefur hetjulega við krabbamein, Þórunni Unnarsdóttur sem nýlega hefur getað hafið hlaup með hópnum að nýju. Er þetta í annað sinn sem hlaupahópurinn styrkir hlaupafélaga sem berst við krabbamein.



Hörður, formaður Hlaupahóps FH afhendir Þórunni ávisunina.

í þágu krabbameinssjúkra og hefur hópurinn m.a. styrkt Ljósið, Kraft og fleiri félög og

Bleika hlaupið var að þessu sinni haldið 5. október í slagveðursrigningu og var ekki



Margir lögðu mikið í bleiku skreytingarnar sem að þessu sinni urðu að þola mikla rigningu.



Þórunn Unnarsdóttir og hluti hlaupafélaga í upphafi hlaupaefingar á 90 ára afmælisdegi FH.

búist við góðri þátttöku. Það var öðru nær og greinilega ætluð hlauparar ekki að láta veðrið hindra sig í að taka þátt í þessu styrktarhlaupi. Kökuborðið svignaði undan kræsingum og hlauparamir komu rennbautir til baka úr hlaupinu og nutu glæsilegra veitinganna.

Söfnunarféð var afhent á 90 ára afmælisdegi FH í síðustu viku en alls söfnuðust 350 þúsund kr. Fékk Þórunn stóra ávisun frá hlaupafélögunum

en flestir hlaupafélagarnir voru þá að halda í ferðalag til Ítalíu þar sem þeir tóku þátt í stóru fjallahlaupi.



Kökuborðið í Bleika hlaupinu.



Flatahrauni 5a

Boltinn í beinni og lifandi tónlist allar helgar.

Tilvalinn staður fyrir samkvæmi stærri og smærri hópá.



Happy Hour alla daga kl. 15 - 19 og fleiri flott tilbóð á barnum.

Flatahrauni 5a, Hafnarfirði sími 578 0200

Jólahlaðborð 2019 í Kænunni

Fyrirtækjahópar

Eigum lausa daga seinnipart nóvember og í desember.

Pantanir í síma 565 1550 og á steini@kaenan.is



www.kaenan.is

